

EFTIRLITSSKÝRSLA

Efnarás ehf. Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	5.4.2016	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Efnarás ehf.	Fulltrúi UST	
Heimili	Klettagörðum 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5303150290	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ásmundur Einarsson	ÍSAT nr.	38.32.0
Fulltrúi fyrirtækis	Jóhann Karl Sigurðsson	Staðsetning	360615,942 408599,18

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eldra frávik er í ferli hjá rekstraraðila sem snýr að söfnunarþró í lokuðu frárennsli spilliefnaaðstöðunnar. Olía / fita og blý (Pb) í sýnum sem tekin eru í þrónni hafa reyndist yfir losunarmörkum í reglubundnum mælingum undanfarið. Úrbótaáætlun rekstraraðila var samþykkt og snýr hún að breyttum starfsháttum þar sem mengandi efni eru hreinsuð upp áður en þau berast í söfnunarþróna, verklagsreglur settar um tæmingu þróarinnar og þróin sjálf þrífir oftar. Gerðar eru kröfur um tíðari mælingar (ársfjórðungslegar mælingar) þar til sýnt hefur verið fram á að vandamálið sé úr sögunni og styrkur mengunarefna í söfnunarþrónni að staðaldri undir 90% af losunarmörkum (sjá starfsleyfi). Þrjú frávik og ein athugasemd voru gerðar í eftirlitinu sem nú fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Samkvæmt úrsendri dagskrá skyldi eftirlitið felast í eftirfarandi:

- Fundur
 - Útafstandandi vegna fyrri eftirlita
 - Yfirferð yfir reksturinn frá síðasta eftirliti
 - Fráveitumál á Klettagörðum 9
 - Efnagreiningar samkvæmt kröfum í starfsleyfi
 - Gagnaskil samkvæmt dagsetningum í starfsleyfi (ársyfirlit fyrir 1. mars hvers árs og niðurstöður mælinga og skráninga sbr. gr. 3.1 og 3.2)
 - Söfnunarþró - verklagsreglur
 - Mengunaróhöpp
- Skoðun á spilliefnamóttöku Efnarásar

Á fundinum voru lagðar fram niðurstöður mælinga en sýnataka fór fram í mars 2016. Olía/fita mældist um 9 mg/L sem er undir losunarmörkum í starfsleyfi en blý (Pb) var yfir mörkum, mældist 0,105 mg/L. Aðrar niðurstöður mælinga voru undir losunarmörkum. Mæla skal blý ársfjórðungslega þar til úrbætur rekstraraðila hafa skilað tilskildum árangri og styrkur blýs í söfnunarþrónni er að staðaldri undir 0,1 mg/L. Gerð er athugasemd við sein skil á mælingum á styrk mengunarefna í söfnunarþró sem áttu að berast fyrir 1. júlí 2015 (sjá: bréf Umhverfisstofnunar UST201503-226/E.D. K.) en hafi ekki skilað sér fyrr en núna (apríl 2016). Í sama bréfi er farið fram á að innihald söfnunarþróar sem mælist yfir losunarmörkum fyrir mengandi efni sé sendur sem spilliefni til Kólku og brenndur. Ekki fundust gögn (kvittanir) í Efnarás ehf. sem sýna fram á að þetta hafi verið gert.

Á fundinum voru lögð fram drög að ársyfirliti rekstraraðila (umhverfisskýrslu) sem tilskilin er í grein 3.1 í starfsleyfi. Ársyfirlitið skal berast fyrir 1. mars ár hvert og er gerð athugasemd við sein skil. Ársyfirlitið skal vera samantekt á skráningum í fyrirtækinu og snúa að innra eftirliti rekstraraðila með mengun frá fyrirtækinu og losun efna út í umhverfið. Þar skal koma fram upplýsingar um magn og gerð spilliefna og um uppruna þeirra ásamt upplýsingum um rekstur frárennslikerfis, upplýsingum um mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.

Fram kom á fundinum að starfsleyfið var gefið út á Hringrás en Efnarás ehf. hefur nú tekið við því og gildir það til 1. nóvember 2017. Í júní 2015 vottar Umhverfisstofnun um móttöku á umsókn um nýtt starfsleyfi vegna Efnarásar ehf. Klettagörðum 7. Sú umsókn fór í bið þar sem Reykjavíkurborg, í umsógn sinni, leggst gegn fyrirhugaðri starfsemi þar sem gildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir verslun og þjónustu á umræddri lóð (hafnarsvæði H4).

Næst var farið yfir fráveitumál vegna spilliefnavinnslunnar og kröfur um söfnunarþró fyrir afrennsli af svæðinu sem er að hluta utandyra og því nokkur vatnsagi þar, bæði vegna þrifa og eins vegna úrkomu. 4000 lítra söfnunarþró tekur við afrennsli af svæðinu og getur stöðvað efnaleka ef mengunaróhapp verður í vinnslunni. Gerð er krafa um að lágmarki 3 m³ rými (3000 lítra) sé alltaf til staðar í söfnunarþrónni til þess að taka við mengunaróhöppum sem geta orðið. Í eftirlitinu var söfnunarþróin full, en starfsmenn voru nýbúinir að vera að þrifa kör sem átti að endurnýta. Gerð er athugasemd við að þetta og ítrekað að verklagsreglum sé fylgt. Engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti og engar kvartanir borist vegna rekstrarins.

Rekstraraðili hefur umhverfisstjórnunarkerfi en samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila mun ekki verða sótt um vottun á kerfinu alveg á næstu árum. Enn vantar nokkuð upp á að ISO 14001 eða sambærilegt vottað kerfi verði að veruleika.

Nú hófst skoðun eftirlitsaðila og var gengið um vinnuaðstöðuna með Ásmundi Einarssyni og Jóhanni Karli Sigurðssyni. Mikið magn skjátækja beið meðferðar utandyra og ljóst er að aðstaðan er þröng og mikil þörf á betri vinnuaðstöðu. Einnig var skoðuð vinnuaðstaða við flokkun á rafhlöðum, stórum og smáum. Skoðaður var kantsteinn sem afmarkar spilliefnavinnsluna og virðist ljóst að 4000 lítra söfnunarþró er fljót að fyllast þegar rignir eins og gert hefur undanfarna mánuði. Ítrekað var að einungis má dæla innihaldi söfnunarþróarinnar yfir í olíuskilju og fráveitukerfi borgarinnar ef styrkur mengunarefna er undir losunarmörkum í starfsleyfi. Safna þarf kvittunum fyrir eyðingu vökva úr söfnunarþrónni og hafa þær aðgengilegar eftirlitaðilum.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
ákvæði í grein 2.6 í starfsleyfi	Krafa er um að ætíð skuli vera laust a.m.k. 3 m ³ rými í söfnunarþró til þess að hægt sé að bregðast við efnaleka. Við eftirlit var söfnunarþróin full.
ákvæði í grein 3.2 í starfsleyfi	Krafa eru um að ársyfirlit (umhverfisskýrsla) berst Umhverfisstofnun fyrir 1. mars árlega. Drög að ársyfirliti var lagt fram á fundi í reglulegu eftirliti þann 5. apríl sl., þ.e. rúmlega mánuði of seint.
ákvæði í grein 3.2 í starfsleyfi	Mengunarefni í söfnunarþró skal mæla fjórum sinnum á ári þar til úrbætur rekstraraðila hafa skilað þeim árangri að mengun í söfnunarþrónni sé undir 90% af losunarmörkum fyrir alla mengunarþætti. Ársfjórðungslegar mælingar hafa ekki verið framkvæmdar í söfnunarþrónni. Þegar allir mengunarþættir eru undir losunarmörkum skal mæla a.m.k. árlega.

ATHUGASEMDIR

Skila þarf kvittunum fyrir eyðingu vökva úr söfnunarþrónni eins og krafist er í bréfi stofnunarinnar frá 10. apríl 2015 (UST201503-226/EDK)

Umhverfisstofnun barst kvittun þann 13. apríl sl. frá Kólku fyrir móttöku á 230 kg vökva úr spilliefnaþró með bíl nr. YV-529. Kvittunin er gefin út 8. apríl 2016

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 07.04.2016



Gottskálk Friðgeirsson